

Ed.

274. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 52 19. júní 1933, um breyt. á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Hið sama gildir um svæðið milli Sigluness og Gjögurtár austan Eyjafjarðar fyrir þau skip, sem skrásett eru innan þeirra lögsagnarumdæma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frv. þetta er borið fram eftir ósk 29 sjómanna á Akureyri. Í áskorun til Alþingis, dags. 10. þ. m., skýra þeir svo frá:

„Við undirritaðir, sem höfum stundað kolaveiði með dragnót (Snurrevaad) hér á Eyjafirði að undanförmu, skorum hér með á hið háa Alþingi, er nú situr, að veita undanþágu frá lögum nr. 55 7. maí 1928 til kolaveiða á Eyjafirði frá 15. júní til 1. des. árlega, eins og veitt er með lögum nr. 52 19. júní 1933 fyrir svæðið frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi, og sem framlengd voru á þingi 1934.

Þessi veiði hefir verið aðalatvinna okkar undanfarin haust, og hefir hún einnig oft orðið til þess að bæta úr sárri fiskiþörf almennings hér við Eyjafjörð. Nú eru atvinnuhorfur mjög ískyggilegar hér um slóðir og því mikil þörf fyrir okkur að mega stunda umtalaða veiði yfir sumartímann, eins og leyft hefir verið fyrir suðvesturlandi. Eigi verður heldur séð, að ástæða sé til annars en að leyfa þessa veiði hér á Eyjafirði, fyrst hún hefir verið leyfð á umtöluðu svæði.

Virðingarfyllt.

Akureyri, 10. marz 1935.“
(Undirskrift 29 sjómanna).